

Aðalfundur Félags um menntarannsóknir haldinn í
Háskóla Íslands
9. mars 2006

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla nefnda (Ritnefndar tímarits félagsins)
3. Reikningar félagsins
4. Ákvörðun félagsgjalda
5. Stjórnarkjör (kjósa skal 1 aðalmann í stjórn og 2 varamenn)
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
7. Nefndakjör
8. Önnur mál.

Hafþór Guðjónsson tók að sér fundarstjórn

Kristjana Stella Blöndal ritaði fundargerð.

• Skýrsla stjórnar

Formaður, Guðný Guðbjörnsdóttir, lagði fram árskýrslu félagsins. Hún fór yfir markmið félagsins og gerði grein fyrir störfum stjórnar síðasta ár. Rætt var sérstaklega um FUM ráðstefnuna sem haldin var 19. nóvember sl. og þótti takast mjög vel. Jafnframt var rætt um að æskilegt væri að færa ráðstefnuna fram á vormisseri af tveimur ástæðum. Annars vegar vegna þess að bæði ráðstefna félagsvísindadeildar og KHÍ eru haldnar á haustin og hins vegar myndi það henta betur með tilliti til útgáfu tímrís FUM, sem kemur út seinni hluta árs, en frestur til að senda inn greinar er 1. júlí. Vísað til stjórnar að ákveða tímasetningu næstu ráðstefnu. Auk þess var rætt um fyrirhuguð námskeið, málstofur og umræðufundi á vegum félagsins. Í umræðum kom fram að þörf væri á námskeiðum í greinarskrifum og kom fram sú tillaga að koma á námskeiði í fræðilegum greinarskrifum á ensku. Jafnframt var rætt um að hafa málstofu um hvernig fræðimenn kynna rannsóknir sínar fyrir stefnumótunaraðilum og kennurum. Í þriðja lagi kom fram sú hugmynd að félagið stæði fyrir umræðufundum næsta haust þar sem rætt yrði um hvaða fræðilegu tímarit á sviði menntamála eru talin í fremstu röð, hvaða kröfur væru gerðar, hvernig birtingarferlið væri og svo framvegis.

• Skýrsla ritnefndar tímarits FUM

Ragnar Friðrik Ólafsson ritstjóri FUM fjallaði um útgáfu síðasta tímarits sem út kom í lok síðasta árs. Kom fram í máli hans að ánægja virtist með ritið. Ritryni gekk vel, greinarnar eru á breiðu sviði og sú nýjung að greinahöfundar dragi fram hagnýtt gildi rannsókna sinna hefur mælst vel fyrir. Í næsta tímariti stendur til að bæta við ritdómum og stuttum pistlum um klisjur eða hugtök. Ragnar benti á að sá tími sem var til stefnu frá því að skiladagur var á greinum sem var 1. september þar til tímaritið átti að koma út hafi verið knappur, enda hafi skilafrestur greina nú verið færður fram til 1. júlí. Loks var umræða um æskilegan tíma ritstjórnar í starfi og taldi Ragnar ákjósanlegt að miða við þrjú ár.

• Reikningar félagsins

Hafþór Guðjónsson gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir reikningum og fjárhagslegri stöðu félagsins. Félagsgjöld hafa skilað sér vel og fjárhagsstaðan er góð. Hann benti á að enn ættu einhverjir styrktaraðilar tímaritsins eftir að greiða umsamda styrki. Loks var bent á að það gæti gefið skýrara yfirlit yfir fjárhagsstöðu félagsins að hafa 2 ár saman í uppgjöri, en nú er miðað við eitt almanaksár.

Reikningar voru samþykktir. Ákveðið var að hafa félagsgjöld óbreytt eða 3500 krónur, þar sem tímarit félagsins fylgdi með.

- Stjórnarkjör

Kjósa átti 1 aðalmann, þar sem Hafþór Guðjónsson hefur þegar setið 2 ár í stjórn og gefur ekki kost á endurkjöri. Amalía Björnsdóttir, sem verið hefur varamaður í stjórninni var einróma kosin sem aðalmaður á fundinum.

Kjósa átti jafnframt tvo varamenn í stjórnina: Kosningu hlaut Meyvant Þórólfsson. Stjórn félagsins var falið að finna annan varafulltrúa í stjórnina, helst frá HA til að tryggja aðkomu þess háskóla áfram að stjórninni. Bragi Guðmundsson HA hefur verið varamaður og gefur helst ekki kost á endurkjöri.

Áfram sitja í stjórn Jóhanna Rósa Arnardóttir, Kristjana Stella Blöndal, Ragnar F. Ólafsson, Þórdís Þórðardóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir formaður, sem þakkaði stjórnarmönnum fyrir gott samstarf á liðnu ári.

- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Lagt var til að Hafþór Guðjónsson og Hanna Hjartardóttur yrðu skoðunarmenn reikninga og var það einróma samþykkt.

- Nefndarkjör.

Engar tillögur um nefndarkjör komu fram

- Önnur mál.

Allyson Macdonald sagði frá fyrirhuguðum fundi Rannís þar sem menntun í fremstu röð var meðal umræðuefna.